



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UPPÁHALDS
ÍSLENSKT

KLASSÍKIN OKKAR

31. ÁGÚST
2018



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.



Tónleikarnir Klassíkin okkar eru í samstarfi við RÚV. Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á RÚV og á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd tónleika:

Fyrri hluti: 45'

Seinni hluti: 45'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/sinfio)

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

KLASSÍKIN OKKAR – UPPÁHALDS ÍSLENSKT

Síðastliðin tvö ár hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands í samstarfi við RÚV haldið tónleika með yfirskriftinni „Klassíkin okkar“, þar sem landsmenn hafa valið eftirlætis klassísku tónverkin sín sem síðan voru flutt á sérstökum sjónvarpstónleikum í Eldborg. Tónleikarnir þóttu báðir heppnast sérlega vel og því var ákveðið að efna til slíks viðburðar í þriðja sinn, nú með áherslu á íslenska tónlist í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands.

Efnt var til netkosningar þar sem allir landsmenn gátu valið eftirlætis íslensku verkin sín. Kosningu lauk 17. júní síðastliðinn og þá lá fyrir hvaða verk höfðu fengið flest atkvæði. Hlutskarpast varð *Heyr, himna smiður* eftir Þorkel Sigurbjörnsson við sálm Kolbeins Tumasonar, en í öðru sæti varð hljómsveitarverkið *Eldur* eftir Jórunni Viðar. Á „kjörseðlinum“ voru 40 verk og var þeim skipt í nokkra flokka, einsöngs- og kórlög, hljómsveitarverk og konsertar. Einnig gátu þátttakendur bætt við eftirlætis verkum að eigin vali þegar atkvæði var greitt. Það verk sem hlaut flest atkvæði í þessum reit kosningarinnar var Intermezzo úr *Dimmalimm* eftir Atla Heimi Sveinsson, sem vitaskuld hljómar einnig á tónleikunum.

Efnisskráin er einkar fjölbreytt og hefur að geyma ótal gullmola íslenskrar tónlistar sem spanna ríflega heila öld, allt frá *Draumalandi* Sigfúsar Einarssonar frá árinu 1904 til *Bow to String* eftir Daníel Bjarnason frá árinu 2010. Íslensk tónskáld hafa svo sannarlega verið iðin við að færa okkur dásamlega tónlist og í kvöld njótum við afrakstursins.

Góða skemmtun!



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

KLASSÍKIN OKKAR – UPPÁHALDS ÍSLENSKT

Daníel Bjarnason

hljómsveitarstjóri

Hallveig Rúnarsdóttir

einsöngvari

Hildigunnur Einarsdóttir

einsöngvari

Sveinn Dúa Hjörleifsson

einsöngvari

Póra Einarsdóttir

einsöngvari

Emilía Rós Sigfúsdóttir

einleikari

Sæunn Þorsteinsdóttir

einleikari

Gradualekór

Langholtskirkju og félagar úr Graduale Nobili, Þorvaldur Örn Davíðsson
kórstjóri

Hamrahlíðarkórinn, Þorgerður Ingólfssdóttir
kórstjóri

Karlakórinn Fóstbræður, Árni Harðarson
kórstjóri

Skólakór Kársness, Álfheiður Björgvinsdóttir
kórstjóri

Söngsveitin Fílharmónía, Magnús Ragnarsson
kórstjóri

EFNISSKRÁ

Sigfús Einarsson

Draumalandið (1904)

Ljóð: Guðmundur Magnússon, úts.: Jón Þórarinnsson

Karl Ottó Runólfsson

Í fjarlægð (1932)

Ljóð: Valdimar Hólm Hallstað, úts.: Jón Þórarinnsson

Sigvaldi Kaldalóns

Ave Maria (1925)

Ljóð: Indriði Einarsson, úts.: Hrafnkell Orri Egilsson

Páll Ísólffsson

Í dag skein sól (1927)

Ljóð: Davíð Stefánsson, úts.: Hans Grisch

Jón Leifs

Íslenskt rímnadanslag op. 11 nr. 4 (1929)

Jón Nordal

Hvert örstutt spor (1954)

Ljóð: Halldór Laxness, úts.: Hrafnkell Orri Egilsson

Jórunn Viðar

Vökuró (1967)

Ljóð: Jakobína Sigurðardóttir, úts.: Haraldur Vignir Sveinbjörnsson

Magnús Blöndal Jóhannsson

Sveitin milli sanda (1964)

Úts.: Hrafnkell Orri Egilsson

Atli Heimir Sveinsson

Snert hörpu mína (Kvæðið um fuglana) (1984)

Ljóð: Davíð Stefánsson, úts.: Hrafnkell Orri Egilsson og Marteinn H. Friðriksson

Sigurður Þórðarson

Sjá, dagar koma (1929)

Ljóð: Davíð Stefánsson, úts.: Jón Þórarinnsson

Páll Ísólffsson

Brennið þið, vitar (1929)

Ljóð: Davíð Stefánsson

HLÉ

**Halla Oddný
Magnúsdóttir,
Guðni Tómasson**
kynnar

Kolbrún Halldórsdóttir
sviðsetning

Porkell Sigurbjörnsson
Heyr, himna smiður (1973)
Ljóð: Kolbeinn Tumasón

Jón Ásgeirsson
Hjá lygnri móðu (1981)
Ljóð: Halldór Laxness

Jón Nordal
Smávinir fagrir (1940)
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Atli Heimir Sveinsson
Intermezzo úr Dimmalimm (1967/1969)

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sanctus úr Guðbrandsmessu (2003)

Porkell Sigurbjörnsson
Siciliano úr Columbine (1982)

Daníel Bjarnason
Bow to String, 3. kafli: Air to Breath (2010)

Jórunn Viðar
Eldur (1950)

Páll Ísólfsson
Úr útsæ rísa Íslands fjöll (1961)
Ljóð: Davíð Stefánsson



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013).

Í fyrra voru frumflutt eftir Daníel tvö stór verk, óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík í júní síðastliðnum, og nýr fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Konsertinn verður fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í febrúar 2019. Daníel var á árunum 2015–2018 staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og starfar áfram reglubundið með hljómsveitinni.



HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR

Hallveig Rúnarsdóttir hefur sungið mörg óperuhlutverk á fjölbreyttum ferli sínum. Meðal stærstu hlutverka hennar eru Donna Anna í *Don Giovanni* eftir Mozart, Michaëla í *Carmen* eftir Bizet og Fiordiligi í *Così fan tutte* eftir Mozart. Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim og hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk fjölda annarra hljómsveita bæði hér á landi og erlendis. Hallveig hefur verið virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, þar af nokkur sem samín hafa verið fyrir hana. Hún hefur einnig haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi og víðar um Evrópu þar sem hún hefur lagt áherslu á ljóðasöng. Hallveig hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins 2013 fyrir hlutverk sitt sem Michaëla í *Carmen* og hefur tvívegis hlotið tilnefningu eftir það til sömu verðlauna. Hún hefur einnig verið tilnefnd tvisvar sem söngvari ársins á Grímuverðlaununum.



HILDIGUNNUR EINARSDÓTTIR

Hildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2010 undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur. Síðar stundaði hún framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur lauk nýverið B.A. prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Hildigunnur stjórnar kórum og leiðir tónlistarsmiðjur um allt land og syngur m.a. með Schola cantorum og Kór Íslensku óperunnar. Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari hérlendis sem erlendis og af nýlegum verkefnum má nefna *Messías* og *Judas Maccabeus* eftir Händel, *Jóhannesarpassíu*, *Matteusarpassíu* og *Jólaóratíu* eftir Bach, *Guðbrandsmessu* eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og *Petite messe solennelle* eftir Rossini. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfssonar með kammerhópnum Kúbus.



SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON

Sveinn Dúa Hjörleifsson er fastráðinn við óperuhúsið í Leipzig, en starfaði áður við óperuhúsið í Linz í Austurríki og fékk mikið lof fyrir frammistöðu sína í hinum ýmsu hlutverkum þar. Auk þess hefur hann komið fram á tónleikum í Konzerthaus Wien, Wiener Musikverein, Opera Bergen, Opera St. Moritz í Sviss og víðar. Heima hefur hann reglulega komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, m.a. í Níundu sínfóníu Beethovens við opnun Hörpu árið 2011, Íslensku óperunni og á ýmsum tónleikum. Meðal hlutverka hans má nefna Ernesto (*Don Pasquale*), Tamino (*Töfraflautan*), Don Ottavio (*Don Giovanni*) og Rodolfo (*La bohème*). Auk þess hefur hann sungið ljóðatónleika bæði hér heima og erlendis.



ÞÓRA EINARSDÓTTIR

Þóra Einarasdóttir sópransöngkona stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og Guildhall School of Music and Drama. Hún steig fyrst á svið Íslensku óperunnar 18 ára gömul í einsöngshlutverkum í *Rigoletto* og *Töfraflautunni* og kom fram sem einsöngvari á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1995 á meðan hún var enn í námi. Hún var fastráðin við óperuhúsið í Wiesbaden í Þýskalandi um sjö ára skeið og hefur sungið við fjölmörg óperuhús um gjörvalla Evrópu. Þóra kemur reglulega fram á tónleikum á Íslandi og erlendis. Meðal hljómsveitarstjóra sem Þóra hefur unnið með eru Sir Neville Marriner, Osmo Vänskä og Vladimir Ashkenazy. Á ferli sínum hefur Þóra hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir söng og framlag sitt til tónlistar m.a. Dannebrog-orðuna og hina íslensku fálkaorðu. Þóra hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2016, fyrir flutning sinn á tveimur verkum Sibeliusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og árið 2017 fyrir túlkun á Tatjónu í *Évgení Onegin* eftir Tsjajkovskij.



EMILÍA RÓS SIGFÚSDÓTTIR

Emilía Rós Sigfúsdóttir hefur á undanförunum árum skipað sér í röð fremstu hljóðfæraleikara sinnar kynslóðar á Íslandi. Leikur hennar hefur hlotið afar góða dóma síðastliðin ár en diskur hennar *Portrait* hlaut lofsamlega dóma í tímaritinu *Gramophone* og einnig fengu tónleikar hennar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fimm stjörnu dóm í Fréttablaðinu fyrir flutning á flautukonserti Ibert árið 2016. Emilía Rós hefur víða komið fram sem einleikari, en hún hefur m.a. leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ungfóníu og Orquestra Sinfonica Nacional í Brasilíu sem og á tónleikum í Queen Elizabeth Hall. Undanfarna mánuði hefur hún ferðast um Evrópu og leikið víða á tónleikum með Björk og flautuseptettinum Viibra.

Emilía Rós er ötull þátttakandi í flutningi kammertónlistar en hún er ein af stofnendum Elektra Ensemble. Emilía Rós hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir leik sinn. Árið 2007 vann hún flautuverðlaunin sem og kammertónlistarverðlaunin sem veitt eru árlega í Royal College of Music og 2013 hlaut geisladiskur hennar, *Portrait*, þrjár tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Næsta vetur kemur út nýr diskur hennar með flautusónötum eftir Sergei Prokofiev og Joseph Jongen. Emilía Rós lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2003, Postgraduate Diploma með hæstu einkunn frá Trinity College of Music 2004 og Master of Music frá Royal College of Music 2009.



SÆUNN ÞORSTEINSDÓTTIR

Sæunn Þorsteinsdóttir er einn fremsti sellisti Íslands og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir innblásinn og tilfinningaþrunginn leik sinn. Hún byrjaði fimm ára gömul að læra á selló við Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins en hún fluttist ásamt fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna þegar hún var sjö ára. Hún lauk meistaraþrófi frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York og hefur leikið á fjölda tónleika og tónlistarhátíða um allan heim. Sæunn hefur meðal annars komið fram sem einleikari með Filharmóníuhljómsveit Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit Toronto og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur hljóðritað einleikssvitur

Brittens fyrir selló og komið fram m.a. í Carnegie Hall og Suntory Hall í Japan, og hefur leikið kammertónlist m.a. með Itzhak Perlman, Mitsuko Uchida og Richard Goode. Sæunn er sellóleikari Manhattan-píanótríósins og stofnandi kammerhópsins Decoda, sem hefur að markmiði að glæða flutning kammertónlistar nýju lífi með skapandi fræðslu og samfélagsþátttöku. Hún kennir við Washington-háskóla í Seattle samhliða því að halda tónleika víða um heim. Sæunn var meðal flytjenda á viðamikilli Íslandshátíð sem Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles stóð fyrir árið 2017 þar sem hún flutti sellókonsertinn *Quake* eftir Pál Ragnar Pálsson.

SKÓLAKÓR KÁRSNESS

ÁLFHEIÐUR BJÖRGVINSDÓTTIR KÓRSTJÓRI

Skólakór Kársness var stofnaður árið 1976 og hefur frá upphafi verið stór hluti af skólastarfi Kársnesskóla. Stjórnandi kórsins til 40 ára var Þórunn Björnsdóttir en árið 2016 tók Álfheiður Björgvinsdóttir við keflinu. Allir nemendur Kársnesskóla koma að kórstarfinu á sínum námsferli en allir krakkar á aldrinum 8–12 ára eru í kór og telur hópurinn á unglíngastigi um 40 nemendur. Á hverju ári eru því yfir 300 börn í kór í Kársnesskóla og sönghefðin rík. Skólakór Kársness tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum, allt frá skólasamkomum til stærri verkefna, til dæmis verkefna með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framkoma kórsins hefur vakið hrifningu á erlendri grundu og er hann þekktur fyrir hreinan tón og gáskafulla framkomu. Það hefur verið markmið kórsins að kynna íslenska tónlist hérlendis sem erlendis og hafa mörg verk verið samin sérstaklega fyrir kórinn. Síðustu 42 árin hefur Skólakór Kársness farið víða um heim og tekið þátt í kóramótum og menningarhátíðum fyrir Íslands hönd.

GRADUALEKÓR LANGHOLTSKIRKJU

ÞORVALDUR ÖRN DAVÍÐSSON KÓRSTJÓRI

Gradualekór Langholtskirkju tók til starfa árið 1991. Stofnandi kórsins var Jón Stefánsson sem stýrði kórnum til margra ára. Í kórnum syngja stúlkur á aldrinum 14–18 ára og eru margir kórfélagar langt komnir í tónlistarnámi. Verkefnaval kórsins hefur frá upphafi verið metnaðarfullt og spannar allt frá barokktónlist til nútímaverka. Kórinn hefur unnið til fjölmarga verðlauna á erlendri grundu auk þess sem

að hann hefur gefið út nokkrar geislaplötur. Meðal fastra liða hjá kórnum eru Jólasöngvar sem sungnir eru í Langholtskirkju ár hvert ásamt Kór Langholtskirkju en þar að auki mun Gradualekórinn í haust syngja í uppfærslu Íslensku óperunnar á *Hans og Grétu*. Stjórnandi Gradualekórsins er Þorvaldur Örn Davíðsson.

GRADUALE NOBILI

ÞORVALDUR ÖRN DAVÍÐSSON KÓRSTJÓRI

Graduale Nobili er verðlaunakór í fremstu röð sem var stofnaður af Jóni Stefánssyni árið 2000 skipaður um 20 konum sem allar hafa lagt stund á tónlistarnám. Kórinn hefur unnið til fjölda verðlauna í alþjóðlegum kórakeppnum um heim allan og frumflutt fjölda verka eftir bæði íslensk og erlend tónskáld. Kórinn hefur einnig gefið út nokkrar plötur en platan *In paradisum* frá árinu 2008 var m.a. tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Kórinn vakti mikla athygli þegar hann söng inn á plötu Bjarkar Guðmundsdóttir, *Biophililia* og ferðaðist með henni um allan heim. Árið 2014 var jólatónleikum kórsins sjónvarpað á RÚV og um alla Evrópu. Stjórnandi kórsins er Þorvaldur Örn Davíðsson.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR

ÁRNI HARÐARSON KÓRSTJÓRI

Karlakórinn Fóstbræður starfar í Reykjavík og telur um 90 söngmenn. Kórinn er sá karlakór Íslands sem á lengstan samfelldan starfsaldur að baki en kórinn hefur starfað samfellt frá árinu 1916. Kórinn er því með elstu tónlistarstofnunum landsins. Efnisval kórsins hefur verið hefðbundin karlakóratónlist af klassískum toga en íslensk tónlist hefur alltaf verið í öndvegi. Kórinn hefur lagt metnað sinn í að flytja nýja og framsækna tónlist og hefur oft sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands þegar karlakórs hefur verið þörf. Kórinn hefur farið í fjölmargar tónleikaferðir innanlands sem utan. Síðastliðið vor söng kórinn við vígslu norrænnar menningarmiðstöðvar í Seattle í Bandaríkjunum. Kórinn frumflutti *Brennið þið, vitar* á Alþingishátíðinni 1930 og hefur margsinnis flutt það verk síðan. Söngstjóri Fóstbræðra frá árinu 1991 er Árni Harðarson tónskáld, píanóleikari og tónlistarskólustjóri.

HAMRAHLÍÐARKÓRINN

ÞORGERÐUR INGÓLFSDÓTTIR KÓRSTJÓRI

Hamrahlíðarkórinn var stofnaður árið 1982 til þess að gefa fyrrum nemendum í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð tækifæri til að stunda áfram kórstarf að lokinni útskrift frá skólanum. Kórinn hefur alla tíð verið í fararbroddi íslenskra æskukóra og hlaut árið 1984 fyrstu verðlaun í flokki æskukóra í kórakeppni evrópskra útvarpsstöðva, *Let the peoples sing*. Fjölmörg tónskáld hafa samið verk fyrir kórinn og hafa tíu geisladiskar komið út með söng hans. Hamrahlíðarkórinn var valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2002 og hefur tvisvar verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hamrahlíðarkórinn hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands um langt árabil, meðal annars við flutning á Níundu símfóníu Beethovens, Sálumessu Mozarts og *Dafnis og Klói* eftir Ravel. Kórinn hefur fimm sinnum komið fram með Sinfóníuhljómsveitinni í Hörpu, nú síðast í *Sálmásinfóníu* Stravinskijs árið 2017. Þorgerður Ingólfssdóttir hefur verið stjórnandi kórsins frá upphafi.

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

MAGNÚS RAGNARSSON KÓRSTJÓRI

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1960 af dr. Róbert Abraham Ottóssyni, auk annars áhugafólks um flutning sígildra kórverka, og hefur á starfstíma sínum komið að flutningi margra fegurstu kórverka tónbókmenntanna. Kórinn leggur áherslu á að fá til liðs með sér framúrskarandi tónlistarfólk og hefur meðal annars átt gott samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kórinn heldur veglega haust-, jóla- og vortónleika ár hvert og fer reglulega í tónleikaferðir til útlanda. Nú í sumar tók hann þátt í alþjóðlegu kóramóti í Flórens á Ítalíu við góðan orðstír. Flutningur kórsins á Þýskri sálumessu Johannesar Brahms var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum „Tónlistarviðburður ársins“ árið 2014. Stjórnandi Söngsveitarinnar Fílharmóníu er Magnús Ragnarsson.

UM VERKIN

Tónleikar undir yfirskriftinni „Klassíkin okkar“ eru nú haldnir í þriðja sinn. Nú er áherslan á íslenskar tónsmíðar og spanna verkin sem valin voru á efnisskrána rúma öld, frá fyrstu árum 20. aldar til ársins 2010. Þau eru af ýmsum toga: sönglög og kórverk, hljómsveitartónlist og einleikskonertar. Athygli vekur hversu mörg verkanna voru samin fyrir sérstök tilefni: leiksýningar, kvikmyndir, ballettsýningar, en einnig tiltekna viðburði í sögu Þjóðarinnar, til dæmis Alþingishátíðina árið 1930 og hálftrar aldar afmæli Háskóla Íslands 1961. Það verður því seint sagt að íslensk tónskáld hafi ekki svarað kalli Þjóðar sinnar þegar á þurfti að halda.

Sönglagið fyrir einsöngsrödd með píanómeðleik var merkur þáttur í íslenskrí tónlistarsögu á 20. öld. Í byrjun var það farvegur fyrir einfalda og auðsungna tónlist, að mestu til brúks í heimahúsum þótt mörg þeirra rötudu einnig á tónleikapall. Oft voru höfundar laganna tónskáld sem höfðu átt takmarkað færi á því að læra sitt fag. Sigvaldi Kaldalóns var til dæmis læknir; meðal annarra vinsælla sönglagaskálda voru prestur, ljósmyndari og járnsmiður. Eitt af því sem knúði áfram íslenska sönglagagerð var sú sannfæring að best færi að klæða ljóð íslenskra skálda í heimagerðan búning í stað þess að hafa við þau erlend lög eins og tíðkaðist á árunum fyrir aldamótin 1900. Fyrstu áratugir 20. aldar voru blómaskeið íslenskra sönglagasmíða og fór þar saman vaxandi Þjóðerniskennnd og almennur áhugi á tónlist og kveðskap. Einn nafnlaus pistilhöfundur í tímaritið *Tónlistin* árið 1943 orðaði það svo: „Þjóðin fagnaði hverju nýju sönglagi og teygði það eins og þyrstur maður svaladrykk.“

DRAUMALANDIÐ

Fyrsta lagið á tónleikunum er jafnframt hið elsta. **Sigfús Einarsson** (1877–1939) stundaði tónlistarnám í Kaupmannahöfn og fluttist heim árið 1906 ásamt eiginkonu sinni, söngkonunni Valborgu Hellemann. Hann var ekki sérlega afkastamikill tónskáld en sönglög hans hittu Þjóðina í hjartastað, ekki síst *Draumalandið* og *Gígjan*. Kvæði Guðmundar Magnússonar birtist fyrst á prenti árið 1902 og tveimur árum síðar gaf Sigfús út lag sitt við það. Lagið varð strax afar vinsælt enda áttu lofsöngvar til ættjarðarinnar greiða leið að hjörtum fólks meðan sjálfstæðisbaráttan var í hámarki. Ónefndur gagnrýnandi sagði eftir tónleika þeirra hjóna á Ísafirði sumarið 1906: „Almenningi geðjast betur að, að vísurnar séu íslenskar og lögin líka; menn njóta þess betur, skilja það betur og það snertir enn viðkvæmar hina fínu strengi en það sem er útlent og því ekki runnið frá hjartarótum Þjóðarinnar.“

Í FJARLÆGD

Karl Ottó Runólfsson (1900–1970) var trompetleikari og kom fram sem slíkur auk þess að sinna tónsmíðum og kennslu, auk þess sem hann stjórnaði Lúðrasveitinni Svani í 21 ár. Lagið *Í fjarlægð* er vafalaust þekktasta tónsmíð Karls, en ýmislegt varðandi sjálf kvæðið, sem í frumútgáfu er eignað höfundinum „Cæsar“, var lengi á huldu. Fyrri kona Karls, Margrét, lá um skeið fársjúk á berklahælinu í Kristnesi við Eyjafjörð. Þar lá á sömu deild hagnætur maður, Valdimar Hólm Hallstað, og væntanlega hefur Karl fengið ljóðið hjá honum; að minnsta kosti þykir fullvíst að Valdimar hafi ort það. Lagið kom út á prenti árið 1932 en Margrét lést tveimur árum síðar, aðeins 23 ára.

AVE MARIA

Sigvaldi Kaldalóns (1881–1946) stundaði tónsmíðar meðfram læknisstörfum, lengst af við Ísafjarðardjúp og í Grindavík. Meðal laga hans eru nokkur ástsælustu laga þjóðarinnar: *Ísland ögrum skorið*, *Nóttin var sú ágæt ein*, *Á Sprengisandi* og þannig mætti lengi telja. *Ave Maria* var upphaflega samið til flutnings í leikritinu *Dansinn í Hruna* eftir Indriða Einarsson. Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi leikritið á annan í jólum 1925 og í einu dagblaði var fullrytt að það væri „almennt viðurkennt af öllum, sem kynnt hafa sér leikritagerð Indriða Einarssonar, að *Dansinn í Hruna* sé bezta leikrit höfundar og það veigamesta. Og það mun verða almannamál að lokasöngurinn, *Ave Maria* undir lagi Sigvalda Kaldalóns, sé einna áhrifamest af því sem hér hefir heyrst á leiksviði.“ Efni leikrísins er spunnð úr galdra- og djöflatrú 16. aldar og baráttu um sálir þeirra sem hafa selt sig myrkrhöfðingjanum. Í lokaatriðinu á sér stað ógurlegt uppgjör við kölska sjálfan. Kirkjan hrynur og sekkur í jörð, en þessi himneski sálmur hljómar áður en tjaldið fellur.

Í DAG SKEIN SÓL

Páll Ísólfsson (1893–1974) var einn dádasti tónlistarmaður Íslands á 20. öld. Hann sneri heim frá námi í Þýskalandi og París árið 1922 og lét þegar að sér kveða sem organisti, kórstjóri, kennari og tónskáld. Nokkur vinsælustu sönglaga hans urðu til í samstarfi við Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og er *Í dag skein sól* eitt þeirra. Um samstarf þeirra sagði Páll í viðtalsbókinni *Hundapúfan og hafið* sem Matthías Johannessen skráði: „Mér finnst eins og mörg kvæði hans kalli beinlínis á lög og ég hef reynt að svara þessu kalli með að komponera við þau.“ *Í dag skein sól* er líklega samið 1927 og frumflutt sama ár á tónleikum Páls og Sigurðar Birkis í Nýja bíói.

ÍSLENSKT RÍMNADANSLAG OP. 11 NR. 4

Jón Leifs (1899–1968) var fyrsta íslenska tónskáldið sem notaði þjóðlög markvisst sem uppistöðu tónsköpunar sinnar. Hann safnaði íslenskum þjóðlögum bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni, og einn afrakstur söfnunarferða hans var flokkur fjögurra *Rímnadanslaga* sem hann útsetti fyrir píanó árið 1929. Lögín voru hugsuð sem heimilismúsík og tæknilegum kröfum stillt í hóf svo að áhugamenn gætu leikið þau sér til ánægju. Síðasta lagið í flokknum hefur fyrir löngu smeygt sér inn í íslenska þjóðarvitund. Hér fékk Jón þá prýðishugdettu að fella saman tvö þjóðlög, *Hani*, *krummi*, *hundur*, *svín* og *Verður ertu víst að fá*, í einfalt A-B-A form sem varðveitir eðli hvors lags fyrir sig og setur í sannfærandi samhengi. Nú til dags þykir flestum sem þessi tvö stuttu þjóðlög hafi heyrst hvort öðru til frá örófi alda.

HVERT ÖRSTUTT SPOR

Jón Nordal (f. 1926) hefur samið ótal framúrskarandi tónverk en athygli gekur að aðeins eitt þeirra er samið fyrir söngródd með píanói – og það er raunar eitt dádasta sönglag Íslands. Jón samdi *Hvert örstutt spor* fyrir sýningu Þjóðleikhússins á *Silfurtúngli* Halldórs Laxness árið 1954. Gagnrýnandi Þjóðviljans sagði m.a. í dómi sínum: „Mikinn og góðan þátt á Jón Nordal tónskáld í sýningunni, en hann hefur samið tónlistina er gengur sem rauður þráður um allan leikinn. Um verk hans í heild dirfist ég ekki að dæma, en vöggulagið hans er hugljúft og fallegt og fellur að anda og efni ljóðsins sem bezt má verða“.

VÖKURÓ

Jórunn Viðar (1918–2017) var frumkvöðull í íslensku tónlistarlífi og um áratuga skeið eina konan í Tónskáldafélagi Íslands. Lagið *Vökuró* við ljóð Jakóbínu Sigurðardóttur samdi hún líklega árið 1967, eða að minnsta kosti ekki síðar, því að í september það ár fluttu Þuríður Pálsdóttir og Jórunn lagið á dagskrá Menningar- og minningarsjóðs kvenna í Ríkisútvarpinu. Heimsfrægð hlaut lagið svo árið 2004 þegar Björk Guðmundsdóttir söng það á plötunni *Medúlla*. Jórunn samdi fleiri lög við ljóð Jakóbínu, en þetta tiltekna ljóð fann hún í bókinni *Ljóð ungra skálda* sem kom út hjá Helgafelli 1954. Þar merkti Jórunn sérstaklega við nokkur ljóð sem hún samdi síðan lög við: *Vökuró*, *Gestaboð um nótt* eftir Einar Braga og *Ung stúlka* eftir Hannes Pétursson.

SVEITIN MILLI SANDA

Magnús Blöndal Jóhannsson (1925–2005) var sjálfkjörinn forsprakki hinnar íslensku framúrstefnu á árunum kringum 1960. Hann hóf formlegt tónlistarnám átta ára gamall, og 11 ára varð hann yngsti nemandinn sem veitt hafði verið innganga í Tónlistarskólann í Reykjavík. Á miðjum vetri 1946 hélt hann út í hinn stóra heim og fékk inngöngu í Juilliard-tónlistarháskólann í New York, þar sem hann nam um fimm ára skeið. Magnús sneri heim árið 1954 en í Reykjavík voru fá tækifæri fyrir nýjungagjarnan tónsmið. Hann var fyrsta íslenska tónskáldið til að semja raftónlist en verk hans mættu tómlæti; gagnrýnendur höfðu stór orð um „atómbombur“ og „útvarpstruflanir“. Eitt laga hans náði þó að hrífa þjóðina alla. Það var *Sveitin milli sanda*, samið fyrir samnefnda kvikmynd Ósvalds Knudsens sem fjallaði um Örfasveit og var þar meðal annars brugðið upp myndum af gömlum búskaparháttum. Lagið söng Ellý Vilhjálmss eins og frægt er orðið og kom það út á 45 snúninga plötu vorið 1965 – ásamt laginu góðkunna *Heyr mína þæn*.

SNERT HÖRPU MÍNA (KVÆÐIÐ UM FUGLANA)

Atli Heimir Sveinsson (f. 1938) hefur um árabíl verið meðal atkvæðamestu leikhústónskálda landsins. Meðal leikverka sem hann hefur samið tónlist við má nefna *Sjálfstætt fólk* í Þjóðleikhúsinu og *Ofvitann* hjá Leikfélagi Reykjavíkur. *Kvæðið um fuglana* er úr *Ég er gull og gersmi* eftir Svein Einarsson, sem var frumflutt hjá Leikfélagi Akureyrar í desember 1984 en leikritið var byggt á skáldsögu Davíðs Stefánssonar, *Sólon Íslandus*, kvæðum skáldsins og öðrum heimildum. Hermann Sveinbjörnsson sagði um tónlistina í dagblaðinu *Degi*: „Hún kom mjög á óvart og var beinlínis skemmtileg.“

SJÁ, DAGAR KOMA / BRENNIÐ ÞIÐ, VITAR

Í tilefni Alþingishátíðarinnar 1930 var efnt til samkeppni um frumsamda kantötu sem yrði flutt á Þingvöllum af kór og hljómsveit. Fyrst var haldin samkeppni um söngtexta og þar varð Davíð Stefánsson hlutskarpastur, en **Páll Ísólffson** bar sigur úr býtum í keppni um tónverk. Meðal annarra tónskálda sem sendu verk í keppnina voru Emil Thoroddsen, Björgvin Guðmundsson og **Sigurður Þórðarson** (1895–1968). Vinsælasti þátturinn úr Alþingishátíðarkantötu Páls er vafalaust *Brennið þið, vitar*, sem hefur verið á efnisskrám íslenskra karlakóra allar götur síðan. Lag Sigurðar, *Sjá, dagar koma*, hljómaði fyrst á tónleikum Karla-kórs Reykjavíkur árið 1931 og náði fljótt miklum vinsældum enda kom það út á hljómplötu í kjölfarið. Víst er að sjaldan hefur ítalskur andblær átt jafn greiða leið inn í íslenska sönglagahefð og í þessu lagi Sigurðar.

HEYR, HIMNA SMÍÐUR

Sálmur **Porkels Sigurbjörnssonar** (1938–2013), *Heyr, himna smíður*, var frumfluttur á Skálholtshátíð 1973. Porkell sat um þetta leyti í sálmabókarnefnd ásamt Róbert A. Ottóssyni söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar, sem kvaðst á einum nefndarfundi harma það að ekki væri til lag að sínum smekk við hinn fagra sálm Kolbeins Tumasonar. Á heimleið fóru hendingar að sveima í höfði tónskáldsins og skömmu síðar var lagið fullgert. Róbert skrifaði það upp með sinni fögru rithönd og frumflutti með Skálholtskórnum á Skálholtshátíð 1973. Verulega athygli vakti það þó ekki fyrr en tveimur árum síðar þegar Kór Menntaskólans við Hamrahlíð söng það í sjónvarpi allra landsmanna.

HJÁ LYGNRI MÓÐU

Hjá lygnri móðu var eitt allmargra laga sem **Jón Ásgeirsson** (f. 1928) samdi fyrir uppfærsluna *Hús skáldsins*, sem var jólasýning Þjóðleikhússins árið 1981. Um var að ræða leikgerð Sveins Einarssonar, sem hann byggði á einni bókanna úr sagnabálki Halldórs Laxness um Ólaf Kárasón Ljósvíking, og meðal annarra laga sem þarna hljómuðu í fyrsta sinn var hið sívinsæla lag *Maistjarnan*.

SMÁVINIR FAGRIR

Smávinir fagrir er æskuverk **Jóns Nordal**, samið árið 1940 þegar hann var aðeins fjórtán ára gamall. Fyrstu tónsmíðar Jóns voru fyrir píanó en faðir hans, dr. Sigurður Nordal, benti honum á *Hulduljóð* Jónasar Hallgrímssonar sem áhugaverðan texta til að tónsetja. Jón segir sjálfur svo frá: „Ég settist niður við borðstofuborðið með skissubók og samdi þetta lag án þess að hafa hljóðfæri. Svo spilaði ég það á eftir, og pabbi tók strax ástfóstri við þetta lag. Ég spilaði það oft heima ef það komu gestir – það þótti öllum það mjög fallegt.“ Um 1960 útsetti hann lagið fyrir karlakór en það var ekki fyrr en árið 1979 að hann færði Hamrahlíðarkórnum raddsetningu fyrir blandaðan kór, og í flutningi hans varð lagið að þjóðargersemi.

INTERMEZZO ÚR DIMMALIMM

Árið 1970 var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu barnaleikritið *Dimmalimm* eftir Helgu Egilson, byggt á ævintýrinu vinsæla eftir móðurbróður hennar, Guðmund Thorsteinsson. Tónlistin var eftir **Atla Heimi Sveinsson**, sem sagði í viðtali um kröfurnar sem gerðar væru til ballettónlistar fyrir börn: „Það verður að vera voðalega sæt músík.“ Tónlistin var þó að nokkru leyti fengin úr eldra verki, *Guðsbarnaljóði* við ljóð Jóhannesar úr Kötlum. Þess má til gamans geta að tveir flytjendur á tónleikunum í kvöld voru í lykilhlutverkum í sýningunni árið 1970: Júlíana Elín Kjartansdóttir, sem um áratuga skeið hefur leikið í 1. fiðlu Sinfóníuhljómsveitarinnar, lék sjálfa Dimmalimm (þá 13 ára gömul), og Þorgerður Ingólfssdóttir stjórnaði kór 15 barna úr Tónlistarskólanum í Reykjavík. Tónlistin við *Dimmalimm* var af ýmsum toga, forleikur, einsöngs- og kórlög, og hið undurfagra millispil fyrir flautu og hörpu sem hér hljómar.

SANCTUS ÚR GUÐBRANDSMESSU

Hildigunnur Rúnarsdóttir (f. 1964) er fædd inn í mikla söngfjölskyldu – foreldrar hennar voru meðal þeirra sem stofnuðu sönghópin Hljómeyki, og systir hennar er Hallveig sem syngur einsöng á þessum tónleikum. Kórverk hafa því skiljanlega verið stór þáttur í tónsmíðastarfi Hildigunnar. Eitt stærsta verk hennar er *Guðbrandsmessa*, sem var frumflutt í Langholtskirkju vorið 2003 af Kór og kammersveit Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar. Messan var samín í minningu Guðbrands Þorlákssonar biskups og var frumflutt í tilefni af hálfur aldar afmæli Kórs Langholtskirkju. Í viðtali við *Morgunblaðið* í aðdraganda frumflutningsins sagði Jón verkið hafa farið langt fram úr væntingum sínum: „Það er ákaflega glæsilegt, í senn nútímalegt og sígilt og gerir miklar kröfur til flytjenda – en er jafnframt aðgengilegt hlustendum.“ Um *Sanctus*-kaflann sagði hann: „Það er mikill kraftur í þessum kafla og á köflum finnst manni vera í honum taktar frá suður-amerískri tónlist, með ljóðrænum millikafla, Benedictus, sem er ákaflega fallett alt-sóló.“

SICILIANO ÚR COLUMBINE

Þorkell Sigurbjörnsson sagði eitt sinn svo frá tilurð flautukonsertsins *Kólumbínu*: „Árið 1976 samdi ég leikhústónlist við uppfærslu Þjóðleikhússins á *Kaupmanninum í Feneyjum*. Þar gerðist leikurinn í Feneyjum 18. aldar, og stefin áttu að bregða upp stemningu þess tíma. Þegar sýningum lauk héldu sum stefin áfram að hljóma í höfðinu en ég fann ekkert tilefni til að gera meira úr þeim. Árið 1982 bað Manuela Wiesler mig um að semja léttúðugt divertimento fyrir hana og strengjasveit í Falun í Svíþjóð. Einleikshlutverkið mátti vera krefjandi en strengjaspilið fremur einfalt. Hér var kærkomið tækifæri. Þannig varð Kólumbína til, úr bútum úr *Kaupmanns*-tónlistinni og með daðrandi látbragð gamanleiks-figúrunnar í huga.“ Konsertinn er eitt mest flutta hljómsveitarverk Þorkels og ekki síst er það miðkaflinn sem nýtur hylli flytjenda og áheyranda – ljúfur *siciliano* eða dans frá Sikiley, í hófsömum stíl nýklassískur.

BOW TO STRING, 3. KAFLI: AIR TO BREATH

Daníel Bjarnason (f. 1979) hefur hlotið mikið lof fyrir tónsmíðar sínar undanfarin ár. Má þar nefna fiðlukonsert hans sem var frumfluttur í Los Angeles fyrir ári síðan, og óperuna *Brothers* sem vakti mikla hrifningu á Listahátíð í Reykjavík fyrir á þessu ári. *Bow to String* var samið árið 2010 og kom út á geisladiski Daníels, *Processions*, sama ár. Verkið er samið handa Sænni Þorsteinsdóttur og er það til í fjórum gerðum: fyrir einleikselló (þar sem sellóíð spilar „með sjálfu sér“ og myndar þannig heila sellósveit, þökk sé upptökutækni nútímans), selló og kammersveit, selló og fullskipaða símfóníuhljómsveit (sú gerð sem flutt er hér í kvöld) og loks útsetning fyrir 46 strengjahljóðfæri.

ELDUR

Verk **Jórunnar Viðar**, *Eldur*, var samið sem ballettónlist og frumflutt á Listamannasýningu í hinu nývígða Þjóðleikhúsi í maí 1950. Var það í fyrsta sinn sem ballett var sýndur í húsinu. Símfóníuhljómsveit Íslands lék undir stjórn Róberts A. Ottóssonar en dansinn samdi Sigríður Ármann og dansaði ásamt Sigríði Ólafsdóttur. Jórunn sagði sjálf um verk sitt: „Tónlistin þarfnast engra skýringa, hún er samin með dansinn í huga. Hugsi maður um eld koma fram ótalmargar myndir: blossandi bál, leiftur, blys, funi, glóð, aska.“ *Eldur* var ekki fyrsta ballettónsmíð íslensks tónskálds, því að þremur árum áður hafði Jón Leifs lokið við *Baldr*, tveggja klukkustunda „kóreógrafískt drama“ byggt á norrænni goðafræði. Það verk komst þó ekki á svið fyrir en árið 2000 og því var verk Jórunnar fyrsta íslenska ballettónlistin til að vera flutt.

ÚR ÚTSÆRÍSA ÍSLANDS FJÖLL

Í október 1961 var efnt til hátíðahalda í tilefni þess að hálf öld var liðin frá stofnun Háskóla Íslands. Einn helsti viðburður Háskólahátíðarinnar var að flutt var ný kantata eftir **Pál Ísólfsson**, og fór flutningurinn fram „í hinnu nýju kvikmynda- og tónlistarhöll Háskólans á Melunum“ eins og það var orðað í dagblöðum, enda var í raun einnig um vígsluhátíð Háskólabíós að ræða. Davíð Stefánsson hafði unnið samkeppni um Háskólaljóð sumarið 1961 og Páll mátti hafa hraðar hendur til að tónverkið yrði fullbúið í tæka tíð. Símfóníuhljómsveit Íslands og blandaður kór flutti hina nýju Háskólakantötu undir stjórn tónskáldsins, og er *Úr útsærisa Íslands fjöll* eini þáttur verksins sem hefur notið almennrar hylli. Fyrstu árin var lagið svo að segja eingöngu á söngskrá Stúdentakórsins svonefnda sem starfaði undir stjórn Jóns Þórarinssonar og síðar Atla Heimis Sveinssonar. Upp úr 1970 fór það þó að sjást oftar á efnisskrám annarra kóra og hefur fyrir löngu unnið sér fastan sess í hugum Íslendinga.

Arni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

31. ÁGÚST 2018

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laura Liu
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir

2. FIÐLA

Peter Andreas Nielsen
Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Christian Diethard
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Pascal La Rosa
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Stefanía Ólafsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir
Steiney Sigurðardóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sigursveinsdóttir
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Sandra Simón Monje

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Ezgi Tandoğan Onat
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Rakel Björt Helgadóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálefulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD


Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar – sinfonia.is.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

**Sala áskrifta- og
Regnbogakorta stendur
yfir í miðasölu Hörpu og
á sinfonia.is.**

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA